

- c) tekjur af þjónustu sem seld er utan og innan skólans;
- d) styrkir sem stofnunin og starfsmenn hennar afla úr rannsóknasjóðum til rannsóknaverkefna;
- e) gjafir.

Fjárveitingar og tekjur af þjónustu skulu standa undir fjárþörf stofnunarinnar til reksturs og tækjakaupa miðað við eðlilegan endingartíma. Stofnunin getur þó í samkeppni við aðrar þarfir háskólans sótt um að Happdrætti háskólans, fjármagni meiriháttar tækjakaup. Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárlagatillögur stofnunarinnar skulu vera hluti af fjárlagatillögum háskólans.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 62/1976, um Reiknistofnun Háskólans. Ákvæði 3. gr. þessarar reglugerðar um skipun forstöðumanns og stjórnar koma þó ekki til framkvæmda fyrir en við lok núverandi skipunartíma.

Menntamálaráðuneytið, 14. mars 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og hrafns, með áorðnum breytingum.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1., og 2., og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skadlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum, Strandasýslu, í Mosfellsbæ, á Akranesi, í Borgarnesi, í Ólafsvík, í Stykkishólmi, á Ísafirði og í Bolungarvík. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefndir af fenginni tillögu fuglafriðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sækja um leyfisskírteini til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok janúarmánaðar ársins 1990 skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi er birt til leiðréttingar reglugerð nr. 113/1990, sem jafnframt er felld úr gildi. Reglugerðarbreytingin öðlast þegar gildi og gildir til 31. janúar 1991.

Menntamálaráðuneytið, 13. mars 1990.

F. h. r.

Árni Gunnarsson.

Pórunn J. Hafstein.